

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/718**

2022/EES/10/15

frá 30. apríl 2021

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir  
dímetýlglyksínnafrúmsalt sem fóduraukefni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Taminco BVBA hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er varðar framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 <sup>(2)</sup>. Umsækjandinn fullyrði að Belgía hafi breytt reglum sínum um fyrirtæki og samtök („Wetboek von Vennootschnappen en Verenigenen“) sem veldur breytingum hjá öllum belgískum rekstrareiningum. Sem hluti af breyttu löggjöfinni hefur fyrirtækjategundinni „besloten vennotschap met beperkte aansprakelijkheid“ (BVBA“), en Taminco annast viðskipti samkvæmt henni, verið breytt í „besloten vennotschap“ („BV“). Samkvæmt lögum í Belgíu er fyrirtækið áfram félag með takmarkaðri ábyrgð. Þetta merkir að Taminco mun sinna viðskiptum sem „Taminco BV“ frá og með 1. janúar 2021. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.
- 3) Sú fyrirhugaða breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Taminco BV er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 til samræmis við það.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni, sem er gerð á reglugerð (ESB) nr. 371/2011 með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „leyfishafi er Taminco N.V.“ í titlinum koma orðin „leyfishafi er Taminco BV“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 151, 3.5.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 322/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir dímetýlglyksínnafrúmsalti sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Taminco N.V.) (Stjttð. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.)

2) Í stað orðanna „Taminco BVBA“ í öðrum dálki viðaukans, nafn leyfshafa, koma orðin „Taminco BV“.

2. gr.

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurar.

3. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---